

# VISTSPORIÐ

## Fréttabréf Vistbyggðarráðs

2.tbl. 6.árg. 1. júní 2016

Í þessu öðru tölublaði Vistþorsins á þessu ári eru sagðar fréttir af starfinu fyrri hluta árs og aðalfundinum sem fór fram í apríl. Nánari dagskrá og starfsemi haustsins verður kynnt í næsta tölublaði. Aðalfundur Vistbyggðarráðs var haldinn þann 14. apríl síðastliðinn. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundastörf. Í upphafi fundar hélt Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri áhugavert erindi um vistvænar áherslur í nýju svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið.



Kosnir voru alls 4 nýir fulltrúar í stjórn og lagðar fram tvær lagabreytingatillögur. Þau sem koma nú ný í stjórnina eru: Hrólfur Karl Cela, arkitekt hjá Basalt, Eva Dís Þórðardóttir skipulagsfræðingur hjá Eflu og Sigríður Magnúsdóttir arkitekt hjá teiknistofunni Tröð. Elín Vignisdóttir landfræðingur hjá Verkís gaf einnig kost á sér áfram. Fráfarandi stjórnarmönnum, þeim Helgu Jóhönnu Bjarnadóttur, Birni Guðbrandssyni og Hauki Magnússyni eru sérstaklega þökkuð störf sín í þágu Vistbyggðarráðs. Ný stjórn hefur nú skipt

## Meðal efnis

**Fréttir af aðalfundi**

**Stuðningsaðild og hækkun aðildagjalda 2017**

**Ný aðildafélög**

**Fjölsótt námskeið um vistvænt skipulag**

**Samnorrænar leiðbeiningar um vistvænt byggingarefni gefnar út**

**Endurskoðuð fræðsludagskrá**

**Breytingar á starfshlutfalli**

**Heimboð aðildafélaga**

**Vika vistvænna bygginga**



með sér verkum. Elín Vignisdóttir tekur að sér formennsku, Eva Dís Þórðardóttir verður ritari og Andri Þór Arinbjörnsson áfram gjaldkeri. Þá voru þau Aldís M. Norðfjörð hjá Mannvirkjastofnun og Rúnar Gunnarsson hjá Reykjavíkurborg kosin skoðunarmenn reikninga.

## Stuðningsaðild og hækkun aðildagjalda

Tvær lagabreytingatillögur voru samþykktar á aðalfundinum. Sú fyrri varðar breytingar á 4. grein en hin um hækkun aðildagjalda.

Nú er í fyrsta sinn búið að opna á að einstaklingar geti gerst svokallaðir stuðningsaðilar að samtökunum og borgað árgjald í 4. flokki (25.000). Stuðningsaðili getur aðeins verið einstaklingur en ekki félag í almennum rekstri. Stuðningsaðili fær aðgang að tengslaneti Vistbyggðarráðs, aðalfundum (án atkvæðis) og aðilafundum og býðst jafnframt 20% afsláttur af námskeiðsgjöldum.

Síðari lagabreytingatillagan var um flata hækkun árgjalda um 10%. Aðildargjöld voru síðast hækkuð á aðalfundi árið 2013 um 10 % og höfðu þá ekki tekið breytingum frá stofnun samtakanna 2010. Hækkunin kemur ekki til framkvæmdar fyrr en við útsendingu aðildagjalda 2017.

## Ný aðildafélög

Alls hafa bæst við fjögur ný aðildafélög það sem af er þessu ári, en það eru: Sérefni, Mosraf, Vegagerðin og Jóhann Ólafsson og co. Þetta er afar góð viðbót sem eykur enn á fjölbreytnina og er vonandi að þessi nýju aðildafélög komi með virkum hætti að starfseminni og njóti góðs af því að tilheyra þessu öfluga tengslaneti sem Vistbyggðarráð er.



Áfram verður unnið að því að fá fleiri aðildafélög inn og eru núverandi aðilar hvattir til að kynna starfsemina. Benda má áhugasömum um að hafa samband við framkvæmdastýru og kynna sér inngöngutilboð 2016.

## Fjölsótt námskeið um vistvænt skipulag

Það er eitt af lykilhlutverkum Vistbyggðarráðs að efla umræðu og rannsóknir á hinu byggða umhverfi og áhrifum þess. Vistbyggðarráð og Skipulagsstofnun stóðu saman að námskeiði um vistvænt skipulag þéttbýlis þann 7. apríl síðastliðinn og er óhætt að segja að það hafi verið verið vel sótt en um 40 manns sátu námskeiðið.



Á námskeiðinu var farið yfir helstu þætti sem einkenna vistvænt skipulag og hvernig beita má mismunandi aðferðum við skipulagsgerð. Kynnt var hvernig lagarammi skipulagsmála og stefna stjórnvalda taka á vistvænu skipulagi þéttbýlis. Farið var yfir vistvottunarkerfið Breeam Communities, uppbyggingu þess og áherslur. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir forstjóri skipulagsstofnunar, Björn Axelsson skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, Ólöf Kristjánsdóttir samgönguverkfræðingur og Breeam Communities vottunaraðili hjá Mannvit, Egill Guðmundsson arkitekt hjá Arkís, einnig vottunaraðili fyrir BC og Sigríður Björk Jónsdóttir framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs.

Þá voru kynntar aðrar aðferðir sem beita má við skipulagsgerð til að auka vithæfi, svo sem nýjan norrænan vegvísi fyrir vistvæna þróun þéttbýlis.

## Samnorrænar leiðbeiningar um vistvænt byggingarefni gefnar út

Vistbyggðarráðin í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Íslandi hafa nú lokið vinnu við gerð viðmiðunarreglna um það hvernig hægt er að tilgreina vistvænt byggingarefni fyrir innkaup. Þetta eru jafnframt gagnlegar leiðbeiningar fyrir framleiðendur. Settar eru fram tillögur um skilgreiningar og umhverfismerkingar á vörum sem fluttar eru á milli Norðurlandanna. Viðmiðin eru sett fram í þremur mismunandi stigum og er hægt að velja stig allt eftir metnaði í umhverfisáherslum eða kröfum hvers verkefnis. Þessi sveigjanleiki er mikilvægur þar sem aðstæður geta verið ólíkar. Einnig hafa verið unnar skýrslur og frekari leiðbeiningar um notkun vistvænna byggingarefna, gerðar úttektir á almennri þekkingu og notkun EPD í löndunum og unnið kynningarefni um umhverfisyfirlýsingar byggingavöru eða svokölluð EPD blöð.



Hægt er að kynna sér verkefnið betur og sækja umrædd gögn á vefsíðu Vistbyggðarráðs, undir hlekknum fræðsla og miðlun/útgefnar skýrslur. Enn sem komið er eru gögnin á ensku og að hluta til á norsku, en stefnt er því að þýða hluta þeirra yfir á íslensku síðar á árinu.

## Endurskoðuð fræðsluáætlun 2016

Það sem af er ári hafa verið haldin tvö námskeið á vegum VBR og er ánægjulegt hvað þau hafa verið vel sótt. Gerðar hafa verið lítilsháttar breytingar á fræðsludagskrá haustsins. Námskeiðinu um vistvænt byggingarefni sem vera átti í lok maí var frestað fram á haust m.a. vegna þess að útgáfa fræðsluefnis sem notað verður á námskeiðinu hefur seinkað og verður það þess í stað haldið í byrjun september. Verið er að vinna að undirbúningi fleiri námskeiða og verða þau auglýst nánar þegar nær dregur.

**Óskað er eftir fulltrúum aðildafélaga í undirbúningshóp námskeiða. Hópurinn mun hittast 2-3 sinnum. Áhugasamir sendi tölvupóst til framkvæmdastýru, sigridur@vbr.is**

Námskeið haust/vetur 2016:

- Vistvænt byggingarefni- byrjun september
- Heilsa og húsnæði- byrjun október
- Vistvæn hugsun og umhverfivottun bygginga- um miðjan nóvember.

Nákvæmari dagsetningar og tímasetningar verða auglýstar síðar í sumar á heimasíðunni.

## Breytingar á starfshlutfalli

Sökum þess að ekki hafa fengist nýjir styrkir til verkefna og því að nú er komið að lokum tveggja norrænna samstarfsverkefna, er óhjákvæmilegt að lækka á ný starfshlutfall framkvæmdarstýru frá og með 1. júlí næstkomandi. Aðildargjöldin standa nú sem fyrr ekki undir nema um hálfum starfsmanni. Þess vegna er afar mikilvægt að vinna áfram að því að styrkja enn frekar tekjugrunn samtakanna, með nýjum aðilum og styrkjum en unnið hefur verið að því að sækja um ýmsa styrki. Einnig er verið að skoða hvort hægt sé að vinna að samnorrænum verkefnum sem gætu skapað tekjugrunn. Ef einhver aðildafélög hafa möguleika á að færa sig upp um gjaldaflokk þó ekki sé nema tímabundið þá myndi það bæta þessa stöðu nokkuð, en hækkun

aðildagjalda sem samþykkt var á aðalfundinum kemur ekki til framkvæmdar fyrr en 2017.

## Aðildafélög bjóða heim

Alls hafa þrjú fyrirtæki gripið þetta fína tækifæri til þess að kynna annað hvort starfsemina almennt eða einstök verkefni meðal aðila.



Ikea bauð heim þann 3. mars síðastliðinn og kynnti umhverfisstefnu fyrirtækisins. Arkís mun taka á móti gestum þann 8. sept og VSB þann 10. nóvember. Þau aðildafélög sem hafa áhuga á að vera gestgjafar eru beðin um að hafa samband við framkvæmdastýru. Enn vantar heimboð þann 9. júní.

## Vika vistvænna bygginga í september

Að venju verður haldið upp á viku vistvænna bygginga í lok september eða vikuna, 26. sept- 2. okt. Vistbyggðarráð mun standa fyrir viðburði auk námskeiðs. Við hvetjum aðildafélög til þess að nota þessa viku til að vekja athygli á einhverju sem tengist vistvænum byggingum hér á landi hvort sem það væri kynning, skoðunarferð, fyrirlestur eða hvað annað sem myndi auka þekkingu almennings á kostum vistvænna bygginga.

## VISTBYGGÐARRÁÐ ÓSKAR LESENDUM SÍNUM GLEÐILEGS, GRÆNS SUMARS!



Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænum byggingaraðferðum, hönnun og skipulagi.

Ofanleiti 2, 103 Reykjavík (hjá Verkís)

Sími: 5712700/ Gsm: 8403838

Netfang: [vbr@vbr.is](mailto:vbr@vbr.is)

Vefsíða: [www.vbr.is](http://www.vbr.is)

**facebook**

Útg./ábyrgðamaður: Sigríður Björk Jónsdóttir framkvæmdastýra

